

## Erindi frá Hraunbúum um tjaldsvæði í Seldal.

**Til** : bjarni@hraunbuar.is;Sigurður Haraldsson  
**Frá** : Ólafur Ingi Tómasson  
**CC** : Berglind Guðmundsdóttir;Helga Ingólfssdóttir;stjorn@hraunbuar.is  
**Heiti** : Erindi frá Hraunbúum um tjaldsvæði í Seldal.  
**Málsnúmer** : 1808059  
**Málsaðili** : Bjarni Freyr Þórðarson  
**Skráð dags** : 05.08.2018 18:45:19  
**Höfundur** : Ólafur Ingi Tómasson

Sæll Bjarni.

Berglind leggur til vettvangsferð með skógræktarfélaginu. Best væri að Berglind legði til dag og tíma.

*Kveðja*

*Ingi Tómasson  
bæjarfulltrúi Hafnarfjarðarbæ  
formaður skipulags- og byggingarráðs  
sími 6645554*

---

**Frá:** Bjarni Freyr Þórðarson  
**Sent:** miðvikudagur, 1. ágúst 2018 11:41:45  
**Til:** Sigurður Haraldsson  
**Afrit:** Ólafur Ingi Tómasson; Berglind Guðmundsdóttir; Helga Ingólfssdóttir; Stjórn Hraunbúa  
**Efni:** Re: bt. Skipulags og byggingarráðs

Sæl,

Hvenær er von á einhverjum svörum eða viðbrögðum við erindum?

-Bjarni Freyr Þórðarson

On Fri, Jun 22, 2018, 12:41 Sigurður Haraldsson <[SiggiH@hafnarfjordur.is](mailto:SiggiH@hafnarfjordur.is)> wrote:

Sæll Ingi, við fengum þetta erindi nú í morgun, við förum yfir það á sviðinu.

Með kveðju,  
Sigurður

**Sigurður Haraldsson**  
SVÍÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSPJÓNUSTU

Norðurehella 2 | 221 Hafnarfjörður | Sími 585 5500 | [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

---

**From:** Ólafur Ingi Tómasson

**Sent:** föstudagur, 22. júní 2018 10:39

**To:** Bjarni Freyr Þórðarson <[bjarni@hraunbuar.is](mailto:bjarni@hraunbuar.is)>; Hafnarfjörður Hafnarfjörður <[hafnarfjorður@hafnarfjorður.is](mailto:hafnarfjorður@hafnarfjorður.is)>; Sigurður Haraldsson <[SiggiH@hafnarfjorður.is](mailto:SiggiH@hafnarfjorður.is)>; Berglind Guðmundsdóttir <[bergling@hafnarfjorður.is](mailto:bergling@hafnarfjorður.is)>; Helga Ingólfssdóttir <[helgai@hafnarfjorður.is](mailto:helgai@hafnarfjorður.is)>

**Cc:** Stjórn Hraunbúa <[stjorn@hraunbuar.is](mailto:stjorn@hraunbuar.is)>

**Subject:** SV: bt. Skipulags og byggingaráðs

Sæll Bjarni Freyr.

Þakka þér fyrir þetta erindi.

Ég er ekki viss um hvort þetta erindi eigi heima í skipulags- og byggingarráði eða umhverfis- og framkvæmdaráði. Ég er tilbúinn til að hitta ykkur hvenær sem er vegna þessa. Hef með í þessum pósti Sigurð Haraldsson, sviðstjóra Umhverfis- og skipulagsþjónustu og Berglindi Guðmundsdóttur, arkitekt sem hefur séð um mál sem tengjast upplandinu. Væntanlega koma þau þessu erindi í réttan farveg. Bætti einnig við Helgu Ingólfssdóttur, formanni umhverfis- og framkvæmdaráðs.

*Kveðja*

*Ingi Tómasson*

*bæjarfulltrúi Hafnarfjarðarbæ*

*formaður skipulags- og byggingarráðs*

*sími 6645554*

---

**Frá:** Bjarni Freyr Þórðarson <[bjarni@hraunbuar.is](mailto:bjarni@hraunbuar.is)>

**Sent:** fimmtudagur, 21. júní 2018 23:01:05

**Til:** Hafnarfjörður Hafnarfjörður; Ólafur Ingi Tómasson

**Afrit:** Stjórn Hraunbúa

**Efni:** bt. Skipulags og byggingaráðs

Góðan dag!

Seldalur

Nánast óslitið í tæp 80 ár hefur Skátafélagið Hraunbúar haldið árlegt skátamót, Vormót Hraunbúa í Krýsuvík og oftast en ekki notið til þess dyggan stuðning Hafnarfjarðarbæjar til að efla hafnfirsku æsku.

Mótið, sem venjulega er haldið í byrjun sumars, hefur í gegnum tíðina notið gríðarlegra vinsælda og er orðin fastur liður í mótamenningu skáta á Íslandi. Vormót er hefðbundið skátamót þar sem skátar koma saman, gista í tjöldum, gera tjaldbúð, fara í póstaleiki, halda kvöldvökur og bralla ýmilsegt skemmtilegt saman.

Undnafarin misseri hefur sú umræða komið upp að finna mótinu nýja staðsetningu þótt Krýsuvíkin sé okkur kær eftir langt og farsælt samband þá kalla nútímakröfur á örlítið breyttara viðmót þótt kjarninn í mótinu og upplifunin sé sú sama.

Athygli okkar hefur verið beint að svæði við Hvaleyrarvatn. Svæðið sem við höfum verið að skoða er Seldalur. Þetta svæði myndi henta mjög vel fyrir skátamót og hefur að sama skapi sögulega tenginu við starfsemi Hraunbúa sem bæði hafa verið með mót og útilegur á svæðinu við vatnið og halda mikið uppá svæðið til almennrar útivistar. Það er sem sagt ?innan bæjarmarka? en nógu langt til að vera ?út í sveit?.

Við myndum gjarnan vilja nýta þetta svæði sem útivistarsvæði til að halda Vormótið okkar þarna og þá jafnvel með einhverskonar uppbyggingu í huga sem falla myndu að þeim hugmyndum um útivistarsvæði og jafnvel tjaldsvæði þar sem tjaldsvæðið á Víðistaðatúni er nú þegar sprungið, þá væri upplagt að geta vísað þarna uppeftir í útivistar paradís. Að auki fá Hraunbúar á hverju ári margar fyrirspurnir frá erlendum skátahópum sem gjarnan myndu vilja kynnast skátastarfi á Íslandi og ferðast og upplifa í þeim anda.

Í Seldal er með smá fyrirhöfn hægt að koma upp fínu tjaldsvæði sem gæti verið samvinnuverkefni vinnuskólans og Hraunbúa á sumrin.

Ég sé fyrir mér flott svæði sem býður uppá marga spennandi möguleika fyrir framtíðina og Hafnarfjörð.

Erindi okkar eru því tvö;

1. Við óskum eftir því að fá að halda Vormótið okkar í Seldal næsta vor, til að það gangi upp myndum við vilja að svæðið yrði slegið ca tvisvar í sumar og svo aftur næsta vor.
2. Við óskum eftir fundi með Skipulagsráði til að ræða úthlutun á Seldal til okkar til uppbyggingar á Útílífsmiðstöð Hraunbúa til frambúðar. Spennandi verkefni með mikla möguleika.

--

-Bjarni Freyr Þórðarson

Aðstoðarfélagsforingi

S: 699-8183

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)